



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

12. mars 2025

Mál nr. E-2340/2024:

Stefnandi: A

(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

Stefndi: VÍS tryggingar hf.

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 12. mars 2025, í máli nr. E-2340/2024:

A

(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

gegn

VÍS tryggingum hf.

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 28. janúar 2025, höfðar A kt. [...], [...], [...], með stefnu birtri 17. apríl 2024 á hendur VÍS tryggingum hf., kt. 670112-0470, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í umferðarslysi 23. janúar 2023.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málsatvik

Stefnandi lítur svo á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni þegar bifreið sem stefndi tryggði rakst utan í bifreið stefnanda. Tæpum tíu mánuðum eftir atvikið féllst stefndi á að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna tímabundinna afleiðinga fyrir hann fyrstu þrjú mánuði eftir atvikið. Það er því ekki álitæfni þessa máls hvort á stefnda hvíli skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda sem hann telur sig hafa hlotið í umferðarslysi 23. janúar 2023 heldur hvort stefnandi hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir meira líkamstjóni í slysinu en stefndi hefur þegar viðurkennt og að orsakatengsl séu á milli þess líkamstjóns og slyssins.

Fyrir rúmum tveimur árum, 23. janúar 2023, um kl. 19:15, ók stefnandi Volvo-bifreiðinni [...] vestur eftir [...] í Kópavogi þegar Ford-bifreiðinni [...] var ekið niður [...] til norðurs inn á [...] til vesturs á ská í veg fyrir Volvo-bifreið hans. Ford-bifreiðin lenti, við afturhjól hægramegin, á vinstra framhorni bifreiðar stefnanda sem straukst eða ók utan í og fram eftir hægri hlið Ford-bifreiðarinnar [...] enda mun

Volvo-bifreiðin hafa verið á meiri hraða en Ford-bifreiðin. Kærasta stefnanda var farþegi í bifreið hans og hélt stefnandi upphaflega að hún hefði misst meðvitund við áreksturinn. Kallað var á lögreglu sem bar að skömmu síðar og var þá enginn meðvitundarlaus á vettvangi.

Lögregla tók myndir af vettvangi og skýrslur af aðilum. Samkvæmt skýrslu hennar kvaðst ökumaður Ford-bifreiðarinnar [...] hafa verið að aka niður [...] í norðurátt og hafa ætlað að beygja til vinstri inn á [...] í vesturátt þegar bifreið stefnanda kom eftir [...] og í hægri hlið Ford-bifreiðarinnar. Kvaðst ökumaðurinn ekki hafa tekið eftir bifreiðinni koma frá hægri vegna skerts skyggnis. Hann hefði því ekið inn á götuna í þeirri trú að engin bifreið kæmi frá hægri. Kvaðst ökumaðurinn hafa ekið á 20 km/klst. Ökumaðurinn kveinkaði sér mikið á meðan lögreglumenn ræddu við hann og fór hann með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítalans til frekari aðhlyningar.

Þá ræddu lögreglumenn við stefnanda. Hann kvaðst hafa ekið eftir [...] í vesturátt á um 40–50 km/klst. Hann hefði ekki tekið eftir Ford-bifreiðinni [...] fyrr en henni var ekið á vinstra framhorn bifreiðar hans. Hann sagðist vera óslasaður og ók bifreið sinni af vettvangi.

Volvo-bifreið stefnanda skemmdist á hægri framhorni og segir í lögregluskýrslu að sjáanlegt tjón sé lítið. Ford-bifreiðin skemmdist á hægri hlið frá afturhjóli að framhjóli og segir í lögregluskýrslu að dæld og rispur í lakki séu á hægri hlið bifreiðarinnar.

Stefnandi leitaði á bráðamóttöku með unnustu sinni á slysdagi. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að stefnandi hafi kvartað yfir verk í hálsi og herðum vinstra megin. Þar segir um skoðun á honum:

Sjúklingur er skýr, vel vakandi og ekki vekindaleg að sjá.

Höfuð: Ekki sár, bólga, mar, aflögun né eymsli.

HNE: Ekki er aflögun né eymsli á nefi, engin nefblæðing. Væg þreifiefymsli eru til staðar yfir kynnbeini hæ.megin bólga þar yfir. Getur opnað munn og bitið saman eðlilega án verkja.

Háls: Ekki virðist þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Þreifiefymsli vi.meigin paravertibralt. Engin sár, bólga, mar, aflögun þreifiefymsli yfir trabesius vöðva vi. megin.

Bak: Ekki þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Engin sár, bólga, mar, aflögun né eymsli á baki.

Skoðanir á brjóstakassa, kvið, fótum og handleggjum stefnanda sýndu hvorki eymsli né áverka. Greiningin er: Tognun og ofreynsla á háls hrygg [S13.4]. Einnig er bókað í bráðamóttökuskrá að stefnandi fái ráðleggingar um hreyfingu, kæla eigi svæðið fyrstu dagana en taka íbúfen og paratabs við verkjum. Ef einkennin hætti ekki eigi hann að fara til heimilislæknis og sjúkráþjálfara.

Þegar á fjórða degi eftir atvikið 27. janúar 2023 óskaði stefndi eftir því við fyrirtækið Akstur og öryggi að það ynni skýrslu um árekstur ökutækjanna [...] og

[...]. Í skýrslunni er byggt á framburði ökumanna í lögregluskýrslu, myndum af slystað, veðurupplýsingum og útreikningum Aksturs og öryggis í svokölluðu PC-crash-forriti sem reiknar þá krafta sem eru að verki í árekstrum ökutækja. Í kjölfar rannsóknarinnar afhenti Akstur og öryggi stefnda skýrslu, dags. 12. febrúar 2023. Í henni kemur fram að Ford-bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir Volvo-bifreið stefnanda, þannig að stefnandi hafi ekið utan í hægri hlið Ford-bifreiðarinnar.

Samkvæmt útreikningum fyrirtækisins, miðað við gögn málsins, aðstæður á slystað og myndir af bílunum, var ökuhraði Ford-bifreiðarinnar 23 km/klst. og Volvo-bifreiðar stefnanda 42 km/klst. Útreikningarnir sýndu að þyngdarkraftar að verki við áreksturinn voru 0,72 g í Volvo-bifreið stefnanda og 0,38 g í Ford-bifreiðinni.

Premur vikum eftir slysið, 15. febrúar 2023, leitaði stefnandi til læknis á læknavaktinni vegna viðvarandi verks og fékk gefna út beiðni um sjúkraþjálfun. Síðan hefur hann farið til sjúkraþjálfara en hann kveðst einnig hafa þurft að nota hálskraga sem og bólgueyðandi verkjalyf. Hann kveðst hafa glímt við ýmis og talsvert alvarleg andleg einkenni eftir slysið. Hann fékk 31. maí 2023 tilvísun læknis til sálfræðings. Síðan hefur hann farið reglulega í meðferð til sálfræðinga en samkvæmt greiningum þeirra glímur hann meðal annars við [...].

Stefnandi veitti lögmanni umboð til þess að annast hagsmuni sína 22. febrúar 2023. Mánuði eftir slysið, 24. febrúar 2023, sendi lögmaður stefnanda stefnda umboð og kallaði eftir gögnum. Stefndi kvaðst þá hafa aflað PC-crash-skýrslu vegna málsins og taldi hana og lögregluskýrslu ekki benda til þess að stefnandi hefði hlotið heilsutjón af atvikinu. Þar af leiðandi myndi stefndi hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiða fyrir hana og hafnaði bótaskyldu.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda 13. mars 2023 bráðamóttökuskrá frá LSH og óskaði eftir því að stefndi endurskoðaði afstöðu sína þar eð skráin bæri með sér að stefnandi hefði hlotið áverka í umræddu slysi og að hann hefði leitað aðhlyningar samdægurs. Með tölvuskeyti sama dag ítrekaði stefndi afstöðu sína og hafnaði bótaskyldu. Stefnandi skaut máli sínu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með málskoti 31. mars 2023. Tveimur mánuðum síðar, með úrskurði 1. júní 2023 í máli nr. 121/2023, komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu Ford-bifreiðarinnar [...] hjá stefnda vegna líkamstjóns síns að því marki sem sýnt væri fram á slíkt tjón.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda 11. september 2023 reikninga fyrir sjúkra-kostnaði ásamt tilvísun heimilislæknis til sálfræðings vegna afleiðinga slyssins og krafðist þess að fá andvirði reikningana greitt. Með tölvuskeyti 12. september 2023 ítrekaði stefndi að hann hafnaði bótaskyldu og hann myndi hvorki endurgreiða útlagðan kostnað né reikninga vegna gagnaöflunar. Lögmaður stefnanda vísaði þá til úrskurðar nefndarinnar svo og að tilkynning þess efnis að stefndi yndi ekki úrskurð-

inum hefði ekki borist innan þess frests sem kveðið væri á um í samþykktum nefndarinnar, þ.e. innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu úrskurðar. Stefndi kvað niðurstöðu nefndarinnar engu breyta um fyrri afstöðu og hélt sig við hana.

Lögmaður stefnanda sendi aftur tölvuskeyti 27. september 2023 og vísaði til samþykktar nefndarinnar varðandi það að úrskurðir væru bindandi fyrir stefnda. Jafnframt vísaði lögmaðurinn til þess að nú lægju fyrir í málinu reikningar fyrir sjúkrakostnaði og sjúkragögn sem staðfestu tjón stefnanda. Með tölvuskeyti 28. september 2023 svaraði stefndi því til að á meðan matsgerð lægi ekki fyrir sem sýndi fram á orsakatengsl teldi stefndi að hvorki hefði verið sýnt fram á tjón né það sannað. Ítrekaði stefndi enn og aftur að hann myndi hvorki greiða fyrir útlagðan kostnað né gagnaöflun, þar á meðal matsgerð sem stefndi taldi aftur á móti nauðsynlegt gagn til þess að sýna fram á og sanna tjón stefnanda.

Hinn 31. október 2023 sendi lögmaður stefnanda stefnda aftur tölvuskeyti. Þar var vísað til úrskurðar í máli stefnanda og að nú lægi fyrir útlagður sjúkrakostnaður sem og lækisfræðileg gögn. Sem fyrr var vísað til samþykktar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, þ.e. að úrskurðir væru bindandi fyrir viðkomandi félag og að stefndi væri aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og þar af leiðandi skuldbundinn til að hlíta ákvæðum samþykktar úrskurðarnefndarinnar. Með tölvuskeyti, dags. 6. nóvember 2023, kvaðst stefndi eingöngu reiðubúinn að greiða fyrir sjúkrakostnað fyrstu þrjú mánuði frá slysi en hafnaði því að stefnandi hefði hlotið varanlegar afleiðingar af slysinu. Stefndi sagði stefnanda frjálst að afla gagna á eigin áhættu og kostnað. Stefnandi höfðaði þetta mál með stefnu sem var þingfest 18. apríl 2024, þegar liðnir voru 15 mánuðir frá atvikinu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Bótgrundvöllur

Til stuðnings rétti sínum til bóta úr hendi stefnda vísar stefnandi til þess að Ford-bifreiðin [...], sem hafi verið ekið í veg fyrir hann, hafi verið með lögboðna ökutækjatriggingu í gildi á slysdegi hjá stefnda. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatriggingar nr. 30/2019 skuli eigandi ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess. Þá segi í 1. mgr. 19. gr. sömu laga að váttryggingafélag sé greiðsluskylt við tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 8. gr. laganna. Bótaábyrgðin sé hlutlæg. Því sé ljóst að stefndi sé bótaskyldur vegna þess tjóns sem stefnandi hlaut af völdum umrædds slyss. Stefnandi bendi á að stefndi hafi þegar greitt bætur vegna tjóns á ökutækinu.

Jafnframt byggir stefnandi á því að á stefnda hvíli bótaskylda vegna þess tjóns er hann hlaut í umræddu umferðarslysi á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um fullar bætur tjónþola. Afleiðingar slyssins hafi ekki verið metnar og því sé krafa stefn-

anda viðurkenningarkrafa, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands.

Stefnandi byggir á því að hann hafi sannanlega hlotið heilsutjón vegna slyssins. Sjúkragögn staðfesti að hann hafi leitað til læknis á slysdegi og að hann hafi verið í meðferð hjá læknum, sjúkrahjálfurum og sálfræðingum og sé enn í dag. Hann höfði málið þegar meira en ár sé liðið frá slysinu. Því verði að líta svo á að tjón hans sé varanlegt. Stefnandi hafi þegar þurft að leggja út háar fjárhæðir vegna lyfja og þjónustu heilbrigðisstarfsfólks. Hann hafi því lögvarða hagsmuni af því að leita dóms um viðurkenningu á bótaskyldu vegna tjóns síns.

Sönnun tjóns

Stefnandi byggir á því að fram lögð gögn veiti fullnægjandi sönnun fyrir tjóni hans og orsakatengslum þess við umferðarslysið. Í bráðamóttökuskra frá slysdegi sé staðfest að stefnandi hafi hlotið áverka í slysinu. Við skoðun sé hann með þreifieymsli í hálsi og sjáanlega áverka í andliti. Hann sé greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg. Hann hafi aftur leitað til læknis 15. febrúar 2023 og þá fengið tilvísun í sjúkrahjálfun.

Stefnandi hafi síðan farið í sjúkrahjálfun og liggi endurhæfingaráætlun [...] sjúkrahjálfara fyrir. Þar segi að stefnandi hafi lent í bíslysi [23.] janúar og í kjölfarið fengið áverka og verið í vítahring verkja. Helstu verkjasvæði séu mjóhryggur, háls og axlagrind auk þess sem hann hafi fengið mikla höfuðverki og strítt við svefnleysi á endurhæfingartímanum en hann komi að jafnaði einu sinni í viku í sjúkrahjálfun. Endurhæfingaráætlunin sé frá 31. ágúst 2023 og því telji stefnandi ljóst að afleiðingar af slysinu sem hann lenti í sjö mánuðum áður séu varanlegar. Stefnandi hafi komið ellefu sinnum til sjúkrahjálfara á fimm mánuðum og kostnaður vegna þess nemi hárrí fjárhæð.

Samkvæmt mati, dags. 9. nóvember 2023, hafi Tryggingastofnun metið skilyrði fyrir endurhæfingu uppfyllt frá 1. ágúst 2023 til 29. febrúar 2024 og byggist það mat meðal annars á þessari endurhæfingaráætlun sjúkrahjálfara. Þá liggi einnig fyrir skýrsla frá [...] endurhæfingu, dags. 19. janúar 2024. Niðurstöður rannsókna sýni að hreyfigeta og stöðuleiki stefnanda sé verulega skertur. Samkvæmt endurhæfingaráætlun, dags. 14. febrúar 2024, fari stefnandi tvisvar í viku til sjúkrahjálfara, hann geri heimaæfingar, einu sinni í viku hitt hann sérstakan íþróttasérfræðing og leiti einnig til sálfræðings og sérfræðings við meðferð heilahristings. Í áætluninni séu rakin til slyssins sömu einkenni og í öðrum gögnum málsins.

Meðal gagna sé skýrsla [...] sálfræðings, dags. 7. mars 2024. Í henni segi að

stefnandi hafi verið í meðferð frá 11. október 2023. Hann hafi komið í nýju meðferðartíma á þessu fimm mánaða tímabili og til standi að halda þeirri meðferð áfram. Upphaflegt mat sálfræðings sé að stefnandi glími við [...]sem virðist hafa þróast í kjölfar slyssins. Þegar skýrslan sé rituð sé það mat sálfræðings að stefnandi glími enn við [...] og hafi það mikil áhrif á getu hans til að sinna daglegu lífi. Samkvæmt skýrslu [...], sálfræðings hjá [...], dags. 8. apríl 2024, hafi stefnandi komið í 14 meðferðartíma sl. 12 mánuði. Ástæða meðferðar sé andlegar afleiðingar af umferðarslysinu og greini meðferðaraðilar hann með [...] í kjölfar slyssins. Meðferðaraðilinn telji stefnanda áfram þurfa meðferð.

Stefnandi hafi einnig lagt fram fjölda reikninga frá sjúkraþjálfara, sálfræðingum, læknum og vegna lyfjakostnaðar. Útlagður sjúkrakostnaður stefnanda nemi mörg hundruð þúsund krónum. Þá sé ekki með talinn útlagður kostnaður vegna öflunar nauðsynlegra gagna. Þannig sé ljóst að stefnandi hafi þegar hlotið tjón en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga skuli sá sem beri bótaábyrgð á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hljóttist og enn fremur þjáningabætur. Útlagður sjúkrakostnaður falli þannig undir þetta ákvæði laganna, svo og kostnaður við öflun læknisfræðilegra gagna.

Stefnandi byggir jafnframt á því að hann hafi hlotið varanlegt líkamstjón í slysinu. Við slíkar aðstæður sé það venja að metnar séu varanlegar afleiðingar þess fyrir tjónþola. Það mat sé síðan grundvöllur kröfu um bætur fyrir líkamstjón. Stefndi hafi aftur á móti hafnað því að taka þátt í slíku mati. Kostnaður af því falli undir annað fjártjón í skilningi 1. gr. skaðabótalaga. Þessi kostnaður sé þannig hluti af tjóni stefnanda sem úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi komist að niðurstöðu um að stefnda beri að greiða bætur fyrir. Loks vísi stefnandi einnig til þess að hann byggir á því að hann hafi orðið fyrir varanlegu tjóni sem hann eigi rétt til bóta fyrir skv. 4.–7. gr. skaðabótalaga.

Með vísan til alls framangreinds telji stefnandi fullljóst að hann hafi hlotið tjón í umræddu slysi og að orsakatengsl séu fyrir hendi. Þá liggi ekkert fyrir um að stefnandi hafi glímt við sams konar einkenni fyrir slys og megi því rekja núverandi einkenni hans til þess. Í málinu liggi fyrir fjöldi gagna sem styðji málalátbúnað hans. Þar að auki liggi fyrir úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 121/2023 sem staðfesti bótaskyldu stefnda.

Um höfnun stefnda

Stefnandi áréttar að stefndi hafi hafnað bótaskyldu strax í kjölfar tilkynningar um slysið. Þá hafi ekki legið fyrir nein gögn í málinu önnur en lögregluskýrsla og PC-crash-skýrsla. Í lögregluskýrslunni megi sjá að töluvert tjón hafi orðið á báðum bifreiðunum. Þá segi í skýrslunni að ökumaður Ford-bifreiðarinnar hafi verið töluvert

slasaður og eftir skoðun sjúkraflutningamanna hafi hann verið fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild. Þáverandi kærasta stefnanda hafi misst meðvitund í árekstrinum og hún hafi sömuleiðis leitað á bráðamóttöku Landspítalans. Því sé ljóst að talsvert högg hafi orðið við áreksturinn og allir hlutaðeigendur hafi leitað sér aðhlyningar strax í kjölfar slyssins.

Þá byggi stefnandi á því að PC-crash-skýrsla sem stefndi hafi aflað einhliða hafi takmarkað sönnunargildi í málinu og hnekki ekki því sem fram komi í læknisfræðilegum gögnum. Stefnandi mótmæli því að stefndi geti hafnað bótaskyldu, með ekkert annað sér til stuðnings en slíka skýrslu. Í dómaframkvæmd hafi almennt verið talið að mikið þurfi að koma til svo að bætur fyrir líkamstjón séu skertar eða felldar niður. PC-crash-skýrslur mæli þar að auki ekki þyngdarkraft sem verki á einstaklinga í bifreiðum við árekstur heldur eingöngu þyngdarkraft á ökutækin sjálf. Mat á afleiðingum slyss sé einstaklingsbundið og víðtækar ályktanir verði ekki dregnar af slíkum skýrslum einum. Þvert á móti ráðist það af fjölda þátta hverju sinni hvort líkamstjón hafi orðið og hvert umfang þess sé. Til að mynda sé ekki tekið tillit til stöðu einstaklinga í bifreiðum þegar högg komi á bifreiðina. Samkvæmt framburði ökumanns Ford-bifreiðarinnar hafi hann ekið á um 20 km/klst. og stefnandi hafi líklegast ekið Volvo-bifreiðinni á 50–60 km hraða. Í umræddri skýrslu sé lagt til grundvallar að Ford-bifreiðin hafi verið á 23 km/klst. og Volvo-bifreið stefnanda hafi verið á 42 km/klst. Með vísan til þessa telji stefnandi ljóst að talsverður árekstur hafi orðið, eins og önnur gögn málsins beri með sér.

Máli sínu til frekari rökstuðnings vísar stefnandi til niðurstöðu athugunar Fjármálaeftirlitsins á notkun PC-crash-skýrslna hjá váttryggingafélögum. Það hafi aflað upplýsinga og viðeigandi gagna frá váttryggingafélögum, þar á meðal stefnda, um notkun slíkra skýrslna ásamt almennum sjónarmiðum félaganna og afstöðu til skýrslanna. Í svörum sem bárust eftirlitinu komi fram að félögin telji skýrslurnar vera stuðningstæki fyrir sig til að endurskapa umferðarslys og fá þannig skýrari mynd af aðstæðum og mögulegum afleiðingum þess. Hins vegar sé skýrslunum ekki ætlað að segja til um áhrif áreksturs á líkama ökumanns eða farþega heldur reikna út höggkraft og hraðabreytingu sem komi á ökutæki við árekstur. Þær upplýsingar séu svo, ásamt öðrum gögnum og upplýsingum, notaðar til þess að meta möguleg orsakatengsl milli áreksturs og þess líkamstjóns sem um ræðir. Líkamstjónin séu hins vegar alltaf metin með læknisfræðilegum rannsóknum. Einnig komi fram í niðurstöðu athugunar Fjármálaeftirlitsins að notkun skýrslanna sé þáttur í frekara mati og að bótaskyldu sé einungis hafnað á grundvelli skýrslanna þegar váttryggingafélag telji hafið yfir allan vafa að líkamstjón hafi ekki getað hlotist af viðkomandi árekstri.

Í niðurstöðu sinni hafi eftirlitið áréttað mikilvægi þess að læknisfræðilegt tjón væri metið eftir læknisfræðilegum gögnum og upplýsingum. Sem fyrr segi hafi stefndi

hafnað bótaskyldu þótt engin læknisfræðileg gögn lægju fyrir í málinu. Þegar lögmaður stefnanda hafi, 13. mars 2023, sent stefnda bráðamóttökuskrá LSH frá slysdegi hafi stefndi eftir sem áður staðið fast á afstöðu sinni. Nú, þegar málið hafi verið höfðað, liggi fyrir enn frekari læknisfræðileg gögn sem staðfesti að stefnandi hafi hlotið áverka í umræddu slysi og glími enn við líkamlegar og andlegar afleiðingar þess. Þar eð meira en ár sé liðið frá slysi megi gera ráð fyrir að afleiðingarnar séu varanlegar. Hins vegar standi stefndi fast á afstöðu sinni.

Stefnandi vísar einnig til þess að almennt hafi verið talið að PC-crash-skýrslur gefi ekki rétta mynd af höggkrafti í hliðarárekstri eins og í þessu tilfalli. Skýrslan svari því ekki heldur hvernig höggið verkaði á bílstjóra og farþega í bifreið heldur einungis á bifreiðina sjálfa. Stefndi hafi aflað þessarar skýrslu einhliða en dómstólar hafi margoft vísað til þess að slíkar skýrslur hafi lítið sem ekkert vægi við úrlausn mála og ekki yrðu dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem sé aflað einhliða án þess að lítið væri til annarra gagna.

Bindandi úrskurður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum

Stefnandi áréttar að hann hafi skotið málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í úrskurði 1. júní 2023 í máli nr. 121/2023 hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Ford-bifreiðarinnar hjá stefnda. Nefndin hafi talið að líta þyrfti heildstætt til allra gagna málsins við mat á því hvort orsakatengsl væru milli árekstursins og einkenna stefnanda. Með vísan til þessa hafi nefndin talið að meiri líkur en minni væru fyrir því að stefnandi hefði hlotið líkamlegt tjón vegna slyssins og ætti því rétt á bótum. Lögmaður stefnanda hafi í kjölfarið sent stefnda reikninga vegna sjúkrakostnaðar 11. september 2023, rúmlega þremur mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðarins, og óskað eftir endurgreiðslu. Stefndi hafi hafnað endurgreiðslu á útlögðum kostnaði og haldið sig við fyrri afstöðu.

Úrskurðarnefndin starfi á grundvelli samþykktar sem Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja hafi samið en stefndi sé aðili að síðastnefndu samtökunum. Samkvæmt 6. mgr. 10. gr. samþykktar nefndarinnar séu úrskurðir bindandi fyrir váttryggingafélag, í þessu tilfalli stefnda, nema félagið tilkynni málskotsaðilanum, þ.e. stefnanda og nefndinni, sannanlega innan fjögurra vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur að félagið muni ekki hlíta honum og færi rök fyrir afstöðu sinni. Slík tilkynning hafi ekki borist innan frestsins, hvorki til stefnanda né nefndarinnar. Þar af leiðandi sé umræddur úrskurður bindandi fyrir stefnda. Aftur á móti fari stefndi þvert gegn þessum ákvæðum sem og skýrum úrskurði nefndarinnar sem sé með öllu óviðunandi. Með höfnun sinni komi stefndi í veg fyrir að stefnandi fái sjúkrakostnað endurgreiddan sem og að hann geti leitað mats á varanlegum afleiðingum slyssins enda geti hann ekki staðið straum af slíkum kostnaði.

Stefnandi hafi sérstaklega leitað til úrskurðarnefndarinnar í því skyni að fá staðfesta bótaskyldu sem hann hafi fengið með fyrrnefndum úrskurði. Aftur á móti standi stefndi enn fast á afstöðu sinni og hafni bótaskyldu vegna árekstursins. Stefnandi sé því nauðbeygður til að leita atbeina dómstóla í því skyni að fá bótaskyldu stefnda staðfesta og tjón sitt bætt. Með tilliti til yfirburðastöðu váttryggingafélags andspænis tjónþola sé það með öllu ótækt að stefndi geti staðið fast á höfnun þrátt fyrir bindandi úrskurð og geti þannig staðið í vegi tjónþola sem hafi ekki burði til þess að setja fram fjárkröfu um bætur þar eð þeir séu ekki nógu fjáðir til að geta aflað nauðsynlegra gagna, svo sem matsgerðar.

Með vísan til alls framangreinds krefjist stefnandi þess að staðfest verði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Ford-bifreiðarinnar [...] vegna þess tjóns sem stefnandi hafi hlotið í umferðarslysi 23. janúar 2023. Á því er byggt að hann hafi sannanlega hlotið tjón og að orsakatengsl séu milli slyssins og tjónsins sem stefndi beri bótaábyrgð á skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga sem og meginreglu skaðabótaréttar um fullar bætur tjónþola.

Málsástæður og lagarök stefnda

Afmörkun ágreinings aðila

Stefndi tekur í upphafi fram að ágreiningur málsaðila lúti að bótaskyldu hans vegna umferðarslyss 23. janúar 2023. Eins og rakið hafi verið hafi hann, í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, fallist á greiðsluskyldu vegna tímabundins tjóns fyrstu þrjá mánuði eftir slys. Sá þáttur málsins sé óumdeildur. Hins vegar lúti ágreiningur málsins og sýknukrafa stefnda að frekari greiðslum vegna líkamstjóns, sem stefndi telji ósannað.

Aðalkrafa stefnda um sýknu

Forsendur bótaábyrgðar og lagareglur

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því að það sé ósannað að stefnandi hafi hlotið líkamstjón sem stefndi beri ábyrgð á.

Stefndi áréttar að um þessa kröfu gildi almennar sönnunarreglur einkamálaréttarfars og váttryggingaréttar. Af þeim leiði að sönnunarbyrði hvíli óskipt á þeim sem krefjist bóta. Hann verði að sanna að hann hafi hlotið tjón, hvaða atvik hann telji hafa valdið því og að orsakasamband sé á milli tjónsins og atvikanna. Samkvæmt þessu hvíli á stefnanda að sanna að hann hafi hlotið líkamstjón við árekstur Volvo-bifreiðar sinnar og Ford-bifreiðar sem stefndi tryggði. Takist sú sönnun ekki beri hann hallann af því. Á honum hvíli því byrðin af því að sanna að það líkamstjón sem hann lýsi sé

staðfest og sé bein afleiðing af slysinu. Með öðrum orðum að orsakasamband sé á milli líkamstjóns og árekstursins. Takist slík sönnun ekki falli bótaábyrgð ekki á stefnda og þá beri að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggi sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnandi hafi ekki sannað að hann hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 23. janúar 2023. Stefnandi hafi ekki aflað matsgerðar lækna eða annarra óvilhallra sérfræðinga á afleiðingum slyssins. Slíkar matsgerðir hafi í dómaframkvæmd verið taldar skilyrði þess að greiðsluskylda vegna líkamstjóns stofnist. Þegar af þeirri ástæðu verði að telja tjón stefnanda ósannað.

Þá bendi stefndi á að í gögnum málsins sé hvorki líkamstjón stefnanda né þær afleiðingar sem hann telji slysið hafa valdið sér staðfest með rannsóknum lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna. Þvert á móti séu í gögnum eingöngu raktar umkvartanir stefnanda sjálfs. Slíkar endursagnir á frásögn tjónþola hafi ekki sönnunargildi í líkamstjónamálum.

Stefndi bendi einnig á að í bráðamóttökuskrá sé tekið fram að stefnandi hafi ekki verið veikindalegur að sjá og við skoðun hafi aðeins þreifast óveruleg hreyfi-eymsli. Í bráðamóttökuskrá sé hins vegar ekki á neinn hátt staðfest að eymslin séu tengd slysinu, en slík eymsli séu mjög algeng hjá karlmönnum á miðjum aldri. Skoðun á bráðamóttöku sé sömuleiðis í ósamræmi við lýsingar stefnanda á bráðamóttöku á áverkum sínum, sem voru verkir í hálsi og herðum. Í öðrum gögnum sé, eins og áður segi, eingöngu endursögn stefnanda sjálfs á afleiðingum slyssins en þau beri ekki með sér að rannsóknir hafi farið fram á honum. Því hafi framlögð gögn ekkert sönnunargildi í málinu gegn mótmælum stefnda.

Stefndi mótmæli sérstaklega að endurhæfingaráætlun sjúkráþjálfara, skýrsla [...] -endurhæfingar og skýrsla sálfræðings sýni fram á að stefnandi hafi hlotið líkamstjóni í slysinu 23. janúar 2023. Í þessum skjölum, eins og mörgum öðrum, sé eingöngu rakin frásögn stefnanda sjálfs af atvikum.

Að mati stefnda hafi einnig mikla þýðingu að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um fyrra heilsufar sitt, þar með talið stoðkerfisvandamál fyrir slysið 23. janúar 2023. Slík gögn skipti grundvallarmáli við sönnun á þeirri breytingu sem eigi að hafa orðið við slysið, nánar tiltekið þeim áverkum eða líkamlegu afleiðingum sem það eigi að hafa valdið. Stefnandi telji allt eins líklegt að stefnandi, sem var 38 ára á slysdegi, hafi hlotið aðra áverka eða áföll fyrr á lífsleiðinni, sem gætu verið orsök alls þess sem hann lýsi í læknisfræðilegum gögnum. Í ljósi þessa teljist ósönnuð sú breyting sem hann haldi fram að hafi orðið á heilsufari hans við slysið og þar með tjón hans.

Stefndi vísar einnig til þess að í málinu liggi fyrir svokölluð PC-crash-rannsókn Aksturs og öryggis á þeim kröftum sem voru að verki í árekstrinum. Stefnandi telji

ljóst af skýrslunni og gögnum málsins að áreksturinn 23. janúar 2023 teljist lágorku-árekstur. Dómstólar hafi í málum er varði lágorkuárekstra byggt á niðurstöðum slíkra skýrslna við mat á orsakatengslum og afleiðingum þeirra, t.d. í dómi Landsréttar í máli nr. 877/2018. Þá hafi verið lagt heildarmat á sönnunargögn í viðkomandi málum og tekið tillit til slíkra útreikninga, læknisfræðilegra gagna og annarra upplýsinga.

Samkvæmt niðurstöðum PC-crash-útreikninga hafi þyngdarhröðun bifreiðar stefnanda við áreksturinn verið 0,72 g. Í fyrrnefndum dómi Landsréttar hafi 1,6 g þyngdarhröðun verið lýst sem að hlamma sér í sófa. Stefndi telji því augljóst að sú hröðun eða kraftur sem stefnandi varð fyrir við áreksturinn hafi verið óveruleg og engan veginn til þess fallin að valda því líkamstjóni sem stefnandi lýsi. Stefndi telji því að heildarmat á fyrirliggjandi kraftaútreikningum og öðrum gögnum málsins styðji þá afstöðu hans að útilokað sé að stefnandi hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn.

Eins og áður hafi verið rakið hafi stefndi samþykkt, í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, að greiða tímabundið tjón stefnanda og útlagðan kostnað fyrstu þrjá mánuði eftir slys. Það sé í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar sem séu á þá vegu að liggja fyrir einhverjar vísbendingar um tjón takmarkist greiðsluskylda við umrædda þætti og tímabil. Stefndi telji þá greiðsluviðurkenningu í raun umfram skyldu í málinu, en hún hafi byggst á úrskurði nefndarinnar.

Í ljósi þess að greiðsluskylda stefnda á tímabundnu tjóni stefnanda í þrjá mánuði sé óumdeild verði krafa stefnanda hvað varðar það tjón ekki borin undir dómstóla. Við úrlausn þessa máls beri því eingöngu að líta til þeirra þátta sem ágreiningur sé um og niðurstaða málsins ráðist þá af því hvort stefnandi hafi staðið undir sönnunarbyrði sinni um að hann hafi hlotið líkamstjón umfram það tímabil og bótaþætti sem stefndi hafi fallist á greiða. Þar eð stefnandi hafi ekki sýnt fram á frekara líkamstjón telji stefndi meint tjón stefnanda fullbætt. Því eigi stefnandi engan frekari bótarétt á hendur stefnda og því beri að sýkna hann af öllum kröfum stefnda í málinu.

Stefndi byggji í öðru lagi á því að á honum hvíli engin lagaskylda til að standa að gagnaöflun eða matsgerðum vegna meints tjóns stefnanda. Stefndi mótmæli ekki að skv. lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 hvíli á honum bótaskylda vegna líkamstjóns ökumanna og farþega skráningarskyldra ökutækja. Hins vegar sé ljóst, eins og áður segi, að á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi hlotið líkamstjón og að hann hafi þurft að greiða kostnað vegna meðferða af þeim sökum. Fyrr en slík sönnun liggja fyrir hvíli engin skylda á stefnda til að greiða stefnanda bætur. Með vísan til þess og fyrri málflutnings séu engar forsendur til að telja stefnda bótaskyldan við stefnanda vegna slyssins 23. janúar 2023.

Stefndi mótmæli túlkun stefnanda á niðurstöðu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Stefndi bendi á að í úrskurðarorði nefndarinnar sé sérstaklega tekið fram að líkamstjón stefnanda umfram tímabundið tjón sé ósannað, sbr. orðalagið „að því

marki sem sýnt er fram á slíkt tjón“. Niðurstaða nefndarinnar styðji því í raun þann málflutning stefnda að það tjón sem stefnandi krefjist bóta fyrir sé ósannað.

Stefndi mótmæli sérstaklega þeim rökum stefnanda að úrskurður nefndarinnar sé bindandi fyrir stefnda á þann hátt að stefnda beri að bæta allan útlagðan kostnað stefnanda og viðurkenna bótaskyldu á meintu líkamstjóni stefnanda, umfram það sem þegar hafi verið viðurkennt. Stefnandi byggir þann máltilbúnað sinn á því að stefndi hafi ekki tilkynnt stefnanda og nefndinni að hann hygðist ekki una úrskurðinum. Stefnandi bendir á að hann hafi þvert á móti farið að umræddum úrskurði með því að samþykkja að greiða tímabundið tjón í þrjá mánuði. Máltilbúnaður stefnanda sé því í ósamræmi við forsendur og úrskurðarorð úrskurðarins þar sem skýrt sé tekið fram að frekari greiðsluskylda sé háð því að stefnandi sýndi fram á frekara líkamstjón. Því hafi ekki verið nein ástæða til að tilkynna sérstaklega að stefndi hygðist ekki una úrskurðinum.

Stefndi mótmæli að öðru leyti öllum máltilbúnaði stefnanda, að því marki sem hann samrýmist ekki máltilbúnaði stefnda.

Að öllu framangreindu virtu telji stefndi ljóst að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni við umferðarslysið 23. janúar 2023, umfram það sem stefndi hafi viðurkennt að honum sé skylt að bæta og að orsakatengsl séu milli þeirra áverka sem hann telji sig hafa fengið og slyssins. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða

Það er ágreiningsefni þessa máls hvort stefnandi hafi tekist að sanna meira tjón en það sem stefndi hefur þegar bætt honum vegna umferðarslyss sem stefnandi lenti í 23. janúar 2023.

Orðalag dómkröfu stefnanda og ágreiningur málsaðila

Stefnandi orðar kröfu sína þannig að hann krefjist þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í umferðarslysi 23. janúar 2023.

Stefndi mótmælir því ekki að bótaábyrgð hans samkvæmt lögum nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar sé hlutlæg. Hann hefur hins vegar hafnað því að stefnandi hafi sannað rétt sinn til bóta að frátöldum rétti til bóta fyrir tímabundnar afleiðingar í þrjá mánuði frá slysdegi, sem stefndi féllst á í tölvuskeyti 6. nóvember 2023. Í greinargerð sinni tekur hann fram að hann hafi, í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, fallist á greiðsluskyldu vegna tímabundins tjóns fyrstu þrjá mánuði eftir slys. Sá þáttur sé því óumdeildur. Ágreiningurinn og sýknukrafa stefnda lúti hins vegar að

frekari greiðslum vegna líkamstjóns, sem stefndi telji ósannað. Í greinargerðinni ítrekar hann enn frekar að við úrlausn þessa máls beri eingöngu að líta til þeirra þátta sem ágreiningur sé um. Niðurstaða málsins ráðist þá af því hvort stefnandi hafi sannaði að hann hafi hlotið líkamstjón umfram það tímabil og þá bótaþætti sem stefndi hafi fallist á greiða.

Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi í nóvember 2023 fallist á að greiða honum kostnað vegna tímabundinna afleiðinga fyrstu þrjá mánuðina. Kröfu sína í málinu byggir stefnandi á því að á stefnda hvíli bótaskylda vegna þess tjóns er hann hlaut í umræddu umferðarslysi á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um fullar bætur tjónþola.

Málsaðilar líta því báðir svo á að það sé krafa stefnanda að viðurkennt verði að hann eigi rétt til *fullra eða óskertra* bóta úr hendi stefnda, þegar endanlegt tjón hans hefur verið leitt í ljós, að því frátöldu sem stefndi hefur þegar greitt. Dómurinn hefur enn fremur skilið ágreining málsaðila á þennan veg.

Þar eð hvorki málsaðilar né dómari velkjast í vafa um ágreiningsefni málsins þykir ekki þurfa að vísa kröfu stefnanda frá dómi, eins og lögmaður stefnda færði í tal við aðalmeðferð, þótt stefnandi taki ekki berum orðum fram í henni að hann krefjist viðurkenningar bótaréttar umfram þann rétt sem stefndi hefur þegar fallist á. Ekki þarf að taka fram að þrátt fyrir þetta dómsorð yrði það sem stefndi hefur nú þegar greitt ekki greitt stefnanda aftur.

Skýrsla um höggþunga og hraðabreytingar

Kröfu sína um sýknu styður stefnandi þeirri málsástæðu að ósannað sé að stefnandi hafi hlotið meira tjón af árekstrinum en stefndi hefur þegar fallist á að greiða. Þessa málsástæðu styður stefndi þeim rökum að þau læknisfræðilegu gögn sem stefnandi hefur lagt fram hafi ekkert sönnunargildi þar eð ekki hafi farið fram neitt mat læknis á líkamlegum afleiðingum árekstursins fyrir stefnanda. Auk þess sýni útreikningar Aksturs og öryggis á höggþunga og hraðabreytingum við áreksturinn að sá kraftur sem hafi þá verkað á Volvo-bifreið stefnanda sé svo óverulegur að hann sé engin veginn fallinn til þess að valda því líkamstjóni sem stefnandi lýsi.

Út frá formbreytingum á bifreiðunum stillti Akstur og öryggi því upp hvernig áreksturinn hefði að öllum líkindum orðið og birti tví- og þrívíðar teiknaðar myndir af því. Samkvæmt ummerkjum á bifreiðunum var Ford-bifreiðinni ekki ekið beint inn í hlið Volvo-bifreiðar stefnanda ökumannsmegin heldur var henni ekið í veg fyrir bíl stefnanda þannig að afturhjóli Ford-bifreiðarinnar farþegamegin rakst utan í fremra horn Volvo-bifreiðarinnar ökumannsmegin. Þar eð Volvo-bifreiðin var á meiri hraða en Ford-bifreiðin ýttist fremra horn Volvo-bifreiðarinnar lítillaga inn í og meðfram hlið Ford-bifreiðarinnar alveg fram að fremra hjóli farþegamegin, þar á meðal yfir

stólpann milli fremri og aftari hurðar.

Í skýrslunni eru tilgreindir allir þættir sem eru færðir inn í þann gagna-grunn sem er nýttur við útreikninginn. Þar eru margir þættir sem eru ekki matskenndir, svo sem upplýsingar frá bílaframleiðendum um massa bifreiða, vélarstærðir og þess háttar. Að sama skapi eru margir þættir matskenndir, svo sem viðnámsstuðull vegar en þennan tiltekna dag var samkvæmt skýrslunni „snjór/hálka“ og reiknað með „meðal-slitnu“ malbiki. Einnig er tekið fram í skýrslunni að það sem ökumenn segi um öku-hraða sé einungis hægt að hafa til hliðsjónar.

Í málum þar sem byggt hefur verið á skýrslum sem þessari hefur oft komið fram að útreikningur í þeim sé líkindaútreikningur á því hvaða kraftar hafi losnað úr læðingi við árekstur bifreiða af sömu tegundum við keimlíkar aðstæður.

Í skýrslunum er ekki reiknað út, og ekki einu sinni reynt að leiða líkur að því, hvaða kraftar hafa áhrif á líkama þeirra sem sitja í bílunum og fyrir hvaða höggi þeir verða né úr hvaða átt.

Þótt skýrslur sem þessar séu fyrst og fremst tilraun til námundunar útilokar dómurinn ekki að þær kunni að gera gagn í sumum tilvikum. Við mat á líkamstjóni ökumanns og farþega bifreiðanna verði þó ekki dregnar af þeim neinar ályktanir.

Hvernig svo sem bifreiðarnar skulu saman telur dómurinn óvarlegt að líkja árekstrinum við það að „hlamma sér í sófa“ enda rekst málmur á málm og málmgrind á málmgrind en ekki mjúkur líkami á fjaðrandi og eftirgefandlegu sæti í sófa. Sá sem hlammar sér í sófa ákveður að gera það og líkaminn veit á hverju hann á von og býr sig undir það. Í þessu tilviki vissi hvorugur ökumaðurinn af hinum fyrr en bifreiðarnar rákust saman. Báðir voru því algerlega óviðbúnir samstuðinu.

Dómurinn telur óhjákvæmilegt að þegar tvær bifreiðar rekast saman á þennan hátt komi á þær högg enda kveinkaði ökumaður Ford-bifreiðarinnar sér nokkuð þegar á slyssað. Dómurinn telur því að eðli atburðarins, högg sem verður við samstuð tveggja bifreiða, sé slíkt að hann geti valdið líkamstjóni. Það hefur stefndi strangt til tekið samþykkt með því að greiða stefnanda tímabundið tjón. Það mat sem lagt er á þá krafta sem eru taldir að verki í hvorri bifreið um sig á ekki við um þá krafta sem verka á líkama þeirra sem sitja í bifreiðunum og hreyfast hver eftir sínu vaxtarlagi, háir eða smáir, horaðir eða holdmiklir, allir í ólíkum setstöðum með sína ólíku veikleika.

Þegar enn fremur er litið til þess að þessarar álitgerðar aflaði stefndi einhliða telur dómurinn að það gagn sem stefndi byggir sýknukröfu sína einkum á verði ekki lagt til grundvallar við úrlausn ágreiningsins.

Gögn heilbrigðisstarfsfólks

Dómurinn telur að meta verði líkamstjón stefnanda út frá gögnum þess heilbrigðisstarfsfólks sem hann hefur leitað til. Eins og fram er komið leitaði stefnandi

sama dag og slysið varð, 23. janúar 2023, á bráðamóttöku og voru þá á hálsi hans þreifieymsli vinstra megin niður með hryggnum (paravertibralt) og þreifieymsli yfir sjálvöðva (trapezius-vöðva) vinstra megin.

Stefnandi hefur lagt fram samantekt úr sjúkraskrá heilsugæslu sinnar þar sem skráðar eru færslur sem varða bílslysið, fram til 2. apríl 2024. Samkvæmt þeirri samantekt hafði hann fyrst samband viku eftir slysið, 2. febrúar 2023, ritaði þá á Heilsuveru og óskaði eftir því að fá vottorð um veikindi í sjö daga. Hann hefði lent í árekstri 23. janúar. Hann væri með verk í hálsi og baki og hægri hluta andlits og treysti sér ekki til að vinna í byggingarvinnu. Hann tók fram að sama dag hefði hann hringt til að panta tíma hjá lækni en hefði ekki getað fengið tíma fyrr en 3. mars. Í samskiptum á Heilsuveru við lækni tók stefnandi fram að hann héldi að vottorð í sjö daga væri nóg og hann vonaðist til að honum batnaði á þeim tíma.

Viku eftir það, 9. febrúar, skrifaði hann aftur á Heilsuveru og óskaði eftir veikindavottorði í sjö daga til viðbótar. Bólga og skrámur á andliti væru horfnar en honum væri enn illt í hálsi og baki. Hann velti því upp að hann kynni að þurfa að leita til sjúkraþjálfara.

Stefnandi fékk þær leiðbeiningar hjá verkalýðsfélagi sínu 10. febrúar að til þess að geta nýtt rétt sinn hjá félaginu þyrfti hann að fá sjúkradagpeningavottorð.

Premur vikum eftir slysið, 15. febrúar 2023, ritaði stefnandi á Heilsuveru og óskaði eftir sjúkradagpeningavottorði til 3. mars þegar hann ætti pantaðan tíma hjá heimilislækni sínum. Hann óskaði einnig eftir því að fá vottorð þess efnis að hann þyrfti hálskraga því honum væri svo illt í hálsinum og hann gæti ekki snúið höfðinu til vinstri. Hann gæti ekki sofið, væri stöðugt pirraður og þreyttur. Líðan hans væri verri en áður. Hann óskaði eftir því að fá gefna út tilvísun til sjúkraþjálfara því hann þyrfti hjálp. Honum var bent á að panta tíma hjá lækni á heilsugæslunni til þess að fara yfir málin með honum.

Pennan sama dag, 15. febrúar, fór stefnandi á Læknavaktina á Háaleitisbraut. Þar var hann skoðaður af lækni sem bókaði í beiðni um sjúkraþjálfun „obj stífur aumur hálsvöðvum“.

Tæpum sex vikum eftir slysið, 3. mars 2023, fór stefnandi í tímamann sem hann hafði pantað 2. febrúar. Þá er bókað um skoðun læknis: „Við skoðun á hálsi getur hann ekki roterað nema 20 gráður til hæ. og við getur extenderað og flecterað ekki nema 10 til 20 gráður. Hreyfiferlar axla eru sárir og aumir. Er þreyfiaumur í hnakkafestum paraspinalt og niður háls og út herðar og niður brjóstbak og lendhrygg að spjaldhrygg. Er enn þá með kúlu á hvirfli við megin eftir að hafa rekið höfuðið í.“ Greiningar samkvæmt flokkunarkerfi heilbrigðisþjónustu voru:

-Tognun/ofreynsla á háls hrygg S13.4

-Tognun á brjósthrygg S23.3

-Tognun á lendarhrygg S33.5

-Áverki T14.9

Hann fékk lyfseðla fyrir verkja- og svefnlyfjum og lækurinn hvatti hann til þess að halda áfram í sjúkraþjálfun.

Í apríl sendi stefnandi lækni sínum skilaboð í Heilsuveru og óskaði eftir því að lyfseðlar væru endurnýjaðir og í maí óskaði hann eftir því að fá endurnýjað sjúkradagpeningavottorð því sjúkraþjálfarinn og sálfræðingurinn segðu honum að hann þyrfti að halda áfram í meðferð. Hann væri með [...] og stöðugan verk í hálsi, baki, öxlum og höfði.

Samkvæmt samantekt úr sjúkraskrá kom hann aftur til læknis á heilsugæslunni 31. maí 2023. Ekki verður óyggjandi séð að hann hafi verið skoðaður en líðan hans, andleg og líkamleg, er bókuð eftir honum. Greiningar samkvæmt flokkunarkerfi heilbrigðisþjónustu voru þær sömu og áður. Lyf voru endurnýjuð og bætt [...].

Stefnandi mun næst hafa komið til læknis 4. október 2023. Þá óskaði hann eftir endurhæfingavottorði. Bókað er að hann sé með mikla verki í stoðkerfi eftir umferðarslys. Eftir það sé andleg líðan einnig slæm og [...]. Stefnanda finnst hann örmagna. Hann sé einnig með þykkildi á hvirfli vinstra megin sem hann tengi við slysið og hafi áhyggjur af því. Lækurinn endurnýjaði lyfin, gerði endurhæfingavottorð, sendi tilvísun á sálfræðing og tilvísun í myndrannsókn. Bókað var að þegar niðurstaða úr henni lægi fyrir ætti að stefnandi að koma í endurmat.

Myndir úr myndrannsókn hafa ekki verið lagðar fram í málinu en stefnandi kvaðst í skýrslu sinni við aðalmeðferð hafa farið í hana.

Eftir þetta fór stefnandi í nokkur sálfræðiviðtöl á heilsugæslu sinni í október, nóvember og desember. Í þeim mældust [...] mjög alvarleg samkvæmt [...]spurningalistanum.

Í lok árs 2023 fór hann til heimilislæknis síns og óskaði eftir lyfjameðferð við [...] sem sálfræðingurinn hefði hvatt hann til að leita eftir. Lækurinn skrifaði upp á [...]. Einnig er bókað að stefnandi haldi áfram að ræða við sálfræðing heilsugæslunnar.

Stefnandi kom aftur til heimilislæknis síns í febrúar 2024. Í bókun um þá heimsókn kemur fram að lítið hafi áunnist í að draga úr verkjum í stoðkerfi. Þrátt fyrir lyfjameðferð við [...] sé stefnandi slæmur af því og [...]Lækurinn bókar að auðsýnt sé að stefnandi þurfi lengri endurhæfingu og segir stefnanda að afla sér framlengdrar áætlunar hjá sjúkraþjálfara.

Þetta yfirlit yfir það sem bókað var í sjúkraskrá stefnanda var tekið saman 2. apríl 2024. Dómurinn hefur því ekki upplýsingar um það hvort stefnandi hafi farið í líkamsskoðun hjá lækni eftir þetta. Í samantektinni er tekið fram um heilsufar stefnanda allt frá 2018: „Engin saga um stoðkerfisáverka eða verki frá stoðkerfi skráðir í

rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.“

Meðal gagna málsins eru þrjár endurhæfingaráætlanir sem sjúkraþjálfarar sem stefnandi hefur leitað til hafa fyllt út. Í þeirri fyrstu, dags. 31. ágúst 2023, segir að tilgangur endurhæfingarinnar sé að minnka verki í hálsi, herðum og mjóhrygg og auka hreyfifærni, hreyfistjórn og þol á þeim svæðum sem hafi verið í ójafnvægi frá því að hann lenti í bílslysinu. Á þessum tíma kom hann einu sinni í viku, 30 mínútur í senn, í sjúkraþjálfun, verkjameðferð og æfingar undir leiðsögn sjúkraþjálfara. Bókað er að stefnandi geri einnig æfingar heima. Markmiðið sé að hann geti farið að vinna á ný. Til þess þurfi að draga úr verkjaupplifun og róa taugakerfið en við það fái hann aukna orku til þess að sinna vinnu.

Í endurhæfingaráætlun er tekið fram að hann sé í grunninn heilsuhraustur en hafi í kjölfar áverka verið í vítahring verkja, einkum í mjóhrygg, hálsi og axlagrind. Auk þess hái höfuðverkir og [...] honum. Áætlunin gildi til 14. febrúar 2024.

Tryggingastofnun samþykkti 9. nóvember 2023 út frá þessari áætlun og læknavottorði að greiða stefnanda endurhæfingarlífeyri.

Í endurhæfingaráætlun sem tók við af þeirri fyrstu og gildi til 1. ágúst 2024 er tilgangi endurhæfingarinnar lýst á sama hátt. Þá var stefnandi kominn í sjúkraþjálfun tvisvar í viku, gerði æfingar heima og leitaði einnig einu sinni í viku til íþróttافرæðings.

Í þriðju endurhæfingaráætluninni sem gildi til 1. febrúar 2025 er tilgangi endurhæfingarinnar lýst á sama hátt og áður og æfingum nú fækkað í fyrra horf, einu sinni í viku. Sérstaklega er tekið fram að dregið hafi verulega úr verkjum í hrygg og hreyfanleiki aukist („much better with pain and mobility in the spine“).

Eins og stefndi bendir á eru líkamleg einkenni stefnanda ekki sértæk fyrir árekstur bíla þótt árekstur valdi oft einkennum sem þessum. Eymsli í hálsi og sjalvöðva vinstra megin voru þó staðreynd strax sama kvöld og áreksturinn varð, þremur vikum síðar, 15. febrúar, voru þau að mati læknis sem skoðaði stefnanda enn fyrir hendi og fékk hann þá tilvísun til sjúkraþjálfara. Sex vikum eftir áreksturinn, 3. mars, þegar stefnandi komst loks til heimilislæknis síns, var hreyfigeta hans í hálsi skert eins og rakið hefur verið og hann var með verki í hálsi, herðum, neðri brjósthrygg og lendhrygg.

Skráningar í sjúkraskrá stefnanda hófust árið 2018. Í hana voru ekki bókaðar neinart kvartanir stefnanda yfir verkjum í stoðkerfi fyrir slysdag.

Stefnandi lagði fram vottorð frá heimilislækni sínum í því landi þar sem hann er upprunninn, dags. 19. júní 2024, þar sem segir að á árunum 2003 til 2023 hafi stefnandi hvorki leitað sér meðferðar vegna áverka á hryggjarsúlu eða hálsi né verkja í hálsi eða höfði eða annarra áverka eftir slys. Stefndi dró sönnunargildi þessa vottorðs í efa.

Dómurinn telur sönnunargildi þessa vottorðs ekki skipta sköpum. Fyrir liggur

að stefnandi hefur verið hér á landi frá árinu 2016. Hann virðist ekki hafa leitað læknis fyrir en árið 2018 en þá hefst skráning í sjúkraskrá hans. Þar er ekkert bókað um stoðkerfisvanda fyrir en 2. febrúar 2023, 10 dögum eftir slysið.

Lögmaður stefnda bendir á ýmislegt sem kom fram hjá stefnanda þegar hann leitaði í nokkur skipti til sálfræðings á heilsugæslustöð. Vel kann að vera að slæmt andlegt ástand stefnanda kunni að eiga sér margvíslegar orsakir. Hins vegar hefur ekkert verið lagt fram sem bendir til þess að stefnandi hafi glímt við stoðkerfisvandamál fyrir áreksturinn.

Hvernig svo sem áreksturinn kann að vera metinn út frá þeim kröftum sem leystust úr læðingi við hann er ljóst að tjónvaldur, og þar með tryggingafélag hans, verður að taka tjónþola eins og hann er. Þannig er ekki víst að sá sem ber ytri ummerki líkamlegrar hreysti hafi þann viðnámsþrótt sem ætla mætti þegar hann verður fyrir höggi eða öðru hnjaski sem lítil kraftur virðist í.

Með þeim gögnum sem hafa verið færð fyrir dóminn er talið sýnt að líkamleg einkenni stefnanda tengist árekstri Volvo-bifreiðar hans við Ford-bifreiðina að kvöldi 23. janúar 2023. Dómurinn telur jafnframt að stefnandi hafi leitt nægar líkur að því að hann hafi hlotið langvarandi afleiðingar af árekstrinum.

Dómurinn hefur því fallist á kröfur og málsástæður stefnanda. Með vísan til þess, svo og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir að teknu tilliti til virðisaukaskatts hæfilega ákveðinn 1.800.000 kr.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Viðurkennd er skaðabótaskylda stefnda, VÍS trygginga hf., vegna þess líkamstjóns sem stefnandi, A, hlaut í bílslysi 23. janúar 2023.

Stefndi greiði stefnanda 1.800.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur 12. mars 2025